

II. KAFLI.

Starfsmannafundir

9. gr.

Í heimavistar- og heimanakstursskólum skal skólastjóri eða heimavistarstjóri í hans stað, halda reglulegan starfsmannafund í upphafi skólaárs. Leggur hann þar fram drög að áætlun um skipulag heimavistar, umgengnisreglur og gæslustörf. Halda skal annan reglulegan starfsmannafund síðar á skólaárinu.

10. gr.

Á reglulega starfsmannafundi skal boða allt starfsfólk skóla. Skytt er fastráðnu starfsfólki að sækja þessa fundi, enda séu þeir haldnir í daglegum vinnutíma þess.

11. gr.

Skólastjóri (heimavistarstjóri) boðar til starfsmannafunda og stjórnar þeim eða setur fundarstjóra í sinn stað, og skipar fundarritara. Fundargerð skal færa í gjörðabók.

12. gr.

Boða skal til sérstaks starfsmannafundar, æski þriðjungur fastráðinna starfsmanna þess og skal þá tilgreina fundarefni. Þá getur skólastjóri boðað til aukafundar.

13. gr.

Skólastjórar heimavistar- og heimanakstursskóla boða ókumenn, er flytja nemendur, á reglulega starfsmannafundi og aðra starfsmannafundi ef skólastjóra þykir ástæða til.

14. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 20. og 37. gr. laga nr. 63/1974, um grunnskóla, og gildir frá 1. september 1978. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 435/1977 um sama efni.

Menntamálaráðuneytið, 7. desember 1978.

Ragnar Arnalds.

Birgir Thorlacius.

Nr. 429.

8. desember 1978.

AUGLÝSING

um afgreiðslutíma Rangár Apóteks, Hellu.

Skv. heimildum í reglugerð um afgreiðslutíma lyfjabúða utan Reykjavíkur nr. 305/1972, skal afgreiðslutími Rangár Apóteks, Hellu vera sem hér segir:

Mánudaga-föstudaga kl. 9.15-12.25 og kl. 14-17.

Að öðru leyti skal gætt ákvæðis 6. greinar fyrrnefndar reglugerðar.

Heilbrigðis- og tryggingaráðuneytið, 8. desember 1978.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Ragnhildur E. Þórðardóttir.